

Aðalfundur Samtaka íslenskra tölvuleikjaframleiðenda (IGI) 2012



Haldinn 20. september 2012 klukkan 12:00 hjá Samtökum iðnaðarins, Borgartúni 35.

Skýrsla stjórnar

Samtök íslenskra tölvuleikjaframleiðenda voru stofnuð þann 25. september 2009 sem starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins og eru því þriggja ára. Við stofnun félagsins störfuðu um 300 manns innan vébanda tölvuleikjaiðnaðarins en árið 2011 voru starfsmenn aðildarfélaga IGI um 620. Aðildarfyrirtæki IGI eru níu, CCP, Betware, Fancy Pants Global, Plain Vanilla, Gogogic, Clara, Skema, Ymir Mobile og Lumenox.

Stjórnarmenn í IGI starfsárið 2011 – 2012 voru: Sigurður Eggert Gunnarsson formaður, Gogogic, Hilmar Örn Egilsson, Fancy Pants, Stefanía G. Halldórsdóttir, CCP, Þorsteinn B. Friðriksson Plain Vanilla Games, Helgi Már Bjarnason, Fort North. Varamenn í stjórn voru Anna Katrín Ólafsdóttir, CCP og Ólafur Andri Ragnarsson, Betware. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir hjá Samtökum iðnaðarins starfaði með samtökunum allt starfsárið.

Starfsemi IGI 2011 - 2012

Aðalfundur IGI árið 2011 var haldinn 28. september. Síðan þá hafa fundir stjórnar verið haldnir mánaðarlega, fyrir utan fundahlé frá júní til ágúst. Forsvarsmenn aðildarfyrirtækja hafa fengið fundargerðir stjórnar sendar rafrænt þegar stjórnin hefur samþykkt þær.

Fagráð lista og skapandi greina og hugverkaiðnaðarins hjá Íslandsstofu

Ólafur Andri hefur setið fyrir hönd IGI í fagráði lista og skapandi greina hjá Íslandsstofu og í fagráði hugverkaiðnaðarins. Fagráðin eru stjórn Íslandsstofu til stuðnings við stefnumótun í þessum málaflokkum.

Nordic Game ráðstefnan 2012

IGI var með bás á Nordic Game ráðstefnunni sem fram fór í Malmö í maí 2012. Fyrirtækin CCP, Fancy Pants Global, Clara og Locatify voru með fulltrúa á ráðstefnunni. Íslandsstofa hafði veg og vanda af skipulagningunni, sá um gerð báss fyrir ráðstefnuna sem og bækling til að kynna IGI fyrirtækin. Fyrirtækið PlainVanilla hlaut verðlaun á ráðstefnunni fyrir besta barnaleikinn.

Nordic Game samstarfið

Hefðbundið starf vegna Nordic Game fór fram á starfsárinu og sinnti Ólafur Andri dómnefndarstörfum vegna veitingar þróunarstyrkja áætlunarinnar á starfsárinu.

Nordic Game Resources, rekstraraðili áætlunarinnar og norrænu landsnefndirnar hafa verið í viðræðum allt þetta ár um framhald og skipulag á verkefninu. Nú í sumar hafa verið lögð drög að stofnun „non-profit“ félags í eigu allra aðila til að reka verkefnið á næstu árum. Er það verkefni nýrrar stjórnar að klára þetta með hinum landsnefndunum.

Hátækni- og sprotavettvangur

Hátækni og sprotavettvangur er samstarfsvettvangur forsætisráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins, menntamálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins, velferðarráðuneytisins, Samtaka leikjafyrirtækja, Clean Tech Iceland, Samtaka heilbrigðisiðnaðarins, Samtaka sprotafyrirtækja, Samtaka íslenskra líftækniyrirtækja, Samtaka upplýsingatækniyrirtækja og Samtaka iðnaðarins, um uppbyggingu tækni- og hugverkafyrirtækja á Íslandi. Markmið vettvangsins er að vinna að eflingu starfsskilyrða og uppbyggingu tækni- og hugverkafyrirtækja á Íslandi.

IGI hefur nú gerst fullgildur aðili að þessum vettvangi og á einn fulltrúi úr stjórn IGI sæti á stjórnarfundum vettvangsins og var Sigurður Eggert Gunnarsson fulltrúinn s.l. starfsár.

Game Creator

IGI awards, tölvuleikjagerðarkeppnin var ýtt úr vör við síðustu stjórnarskipti. Mikill áhugi var meðal þátttakenda og góð mæting á þær fjórar vinnustofur sem haldnar voru. Þess má geta að sigurvegarar keppinnar stofnuðu sitt eigið félag um reksturinn, Lumenox, og gerðust aðilar að IGI fyrr á þessu ári.

Monthly Meetups

Skemmtikvöld þessi eru með því sniði að mismunandi efni eru tekin til umfjöllunar og hafa starfsmenn aðildarfyrirtækjanna haldið framsögur er tengjast efninu. Þessi kvöld hafa verið vel sótt og heppnast vel og er tvímælaust tilefni til þess að halda þessu starfi áfram.

Stefnumótun

Í byrjun desember var haldin stefnumótun á Selfossi. Þar mættu aðilar og unnu að enduskoðun á stefnu IGI. Niðurstöðunum var dreift til allra aðila IGI, en ljóst er að helstu viðfangsefni á næsta ári eru fjármögnunar- og starfsumhverfið. Í framhaldi voru stofnaðir fjórir vinnuhópar sem allir eru enn að störfum. Þetta eru vinnuhópar um fjármögnun og fjárfestingar, starfsskilyrði, markaðs- og kynningarmál og menntamál.

The future is bright – ráðstefnan

Í tengslum við EVE fanfest hjá CCP héldum við ráðstefnuna okkar „The future is bright“ í annað sinn, nú í Hörpunni.

Stofnaður var vinnuhópur í byrjun nóvember til að skipuleggja þennan viðburð og gekk vinnan ágætlega, þó svo að hún mætti hafa gengið betur til að byrja með. Ýmis mál hefðu mátt betur fara og er það tillaga okkar til nýrrar stjórnar að setja strax á fót undirbúningsnefnd fyrir næstu ráðstefnu sem haldin verður vorið 2014. En á móti má segja að við fengum frábæra fyrirlesara til að koma og kynna strauma og stefnur í tengslum við snjallsíma-þemað og vakti hún athygli fjölmiðla.

Eins og áður voru Íslandsstofa og SI aðilar að verkefninu og færum við þeim þakkir fyrir það.

Ljóst er að verðugt verkefni býður nýrrar stjórnar við að efla leikjaiðnaðinn og að vinna að því með leikjafyrirtækjunum við að koma áfram stefnumótun IGI.

Þannig náum við árangri!

Fyrir hönd stjórnar IGI

Sigurður Eggert Gunnarsson